



Sumarhúsatrygging

Skilmáli nr. GF30

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. GF30.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Brunatrygging II. kafla er samkvæmt lögum um brunatryggingar nr. 48/1994 og reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna nr. 809/2000.

Sumarhúsatrygging hentar öllum sumarhúsaeygendum sem vilja tryggja eignina sína vel.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.
Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

I. Almenn ákvæði

1. Innifaldar tryggingar

1.1 Trygging skv. III. til VII. kafla er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun:

Kafla	Helti tryggingar	Hvað er innifalið?
II. kafla	Brunatrygging	Alltaf innifalin
III. kafla	Viðbótarbrunatrygging	Valkvæð
IV. kafla	Innbú	Valkvæð
V. kafla	Orlofstæki	Valkvæð – aðeins hægt að bæta við ef innbútrygging er valin
VI. kafla	Húseigendatrygging	Valkvæð
	Sólpallur og fleira	Valkvæð – aðeins hægt að bæta við ef húseigendatrygging er valin
	Fristandandi hús	Valkvæð – aðeins hægt að bæta við ef húseigendatrygging er valin
	Heitur pottur	Valkvæð – aðeins hægt að bæta við ef húseigendatrygging er valin
VII. kafla	Ábyrgðartrygging	Ef húseigendatrygging er valin þá fylgir ábyrgðartrygging með

2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi sumarhúss er tryggður.
- 2.2 Í innbútryggingu (IV. kafla) og orlofstækjatryggingu (V. kafla) eru einnig tryggð, maki eða sambúðarmaki tryggingartaka og ógift börn þeirra, þ.m.t. fósturbörn, enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og tryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búi á sama stað.
- 2.3 Réttihafar að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum tryggingarréttindum í sumarhúsinu eru meðváttryggðir í brunatryggingu sumarhúsa (II. kafla).¹

3. Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

- 3.1 Þrátt fyrir 2. gr. í almennum skilmála VÍS nr. YY10 tekur brunatrygging sumarhúsa (II. kafla) gildi þegar VÍS, hefur sannanlega tekið við tryggingarbeiðni, enda liggja fyrir beiðni um brunabótamat eignarinnar. Sama á við um gildistöku endurmats. VÍS er ekki heimilt að fella brunatryggingu úr gildi nema fyrir liggja staðfesting á að húseigandi hafi tekið nýja tryggingu hjá öðru félagi.
- 3.2 Ábyrgðartrygging (V. kafla a. liður) tekur til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu. Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur. VÍS greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

¹ Sbr. ákvæði um meðváttryggingu í 39. gr. og 41. – 43. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



4. Hvar gildir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin gildir á þeim stað sem skráður er í skirteini eða endurnýjunarkvittun.
- 4.2 Innbústrygging (IV. kafli) og orlofstækjategygging (V. kafli) gildir í því sumarhúsi sem tiltekið er í skirteini eða endurnýjunarkvittun. Tryggingin gildir einnig í viðbyggingu við tryggt sumarhús og í fristandandi húsnæði sem er á lóð tryggðs sumarhúss.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

- 5.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

6. Varúðarreglur²

- 6.1 Tryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður og brunavarnir á og við hina tryggðu eign séu í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.
- 6.2 Tryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
- 6.3 Tryggður skal sjá til þess að lagnir og lagnagrind séu ávallt varin fyrir veðrum og frosti.
- 6.4 Tryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti til að fyrirbyggja frostskemdir. Ef slökkt er á rafmagnspotti skal tryggður sjá til þess að vatnslagnir pottinsins séu tæmdar þegar hætta er á frosti.
- 6.5 Tryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.
- 6.6 Læsa skal sumarhúsi, viðbyggingum og öðru húsnæði á sumarhúsalóðinni og loka öllum gluggum og krækja aftur.
- 6.7 Tryggður skal gæta þess að munir séu rétt og tryggilega festir í samræmi við notkunarleiðbeiningar.
- 6.8 Tryggður skal sjá til þess að notkun rafmagnstækja sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar, þ.á.m. kælskápar, frystikistur, þvottvélar og þurrkarar.
- 6.9 Tryggður skal sjá til þess að pottlok sé tryggilega fest niður með því að loka því og krækja því aftur eða festa það niður á annan hátt þegar hætta er á óveðri.
- 6.10 Tryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.

7. Breytt notkun

- 7.1 Allar breytingar á gerð sumarhúss og notkun er geta haft í för með sér aukna hættu á tjóni skal tilkynna VÍS tafarlaust. Láti tryggður hjá líða að tilkynna slíkt getur það haft í för með sér að ábyrgð VÍS takmarkast eða falli niður.³

8. Háttsemi annarra

- 8.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar er VÍS heimilt að bera fyrir sig háttsemi maka hins tryggða og einstaklings sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.⁴
- 8.2 Þegar sumarhús er leigt út gegn gjaldi getur VÍS borið fyrir sig háttsemi leigutaka og þeirra sem eru í sumarhúsinu á hans vegum.
- 8.3 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs og umsjónaraðila hinnar tryggðu húseignar.

9. Tryggingarfjárhæð

- 9.1 Eftirfarandi sérákvæði um tryggingarfjárhæð gilda um einstaka kafla tryggingarinnar:
 - 9.1.1. Um brunatryggingu (II. kafli) gildir eftirfarandi:
 - 9.1.1.1. Tryggingarfjárhæð sumarhúss skal nema brunabótamati þess samkvæmt fasteignaskrá á hverjum tíma.
 - 9.1.1.2. Hafi sumarhús verið stækkað eða endurbætt umfram venjulegt viðhald skal tryggður láta meta það að nýju, og eigi síðar en fjórum vikum eftir að stækkun eða endurbótum lauk. Tryggðum ber einnig að óska endurmats sumarhúss telji hann tryggingarfjárhæðina ekki í samræmi við raunvirði þess með tilliti til byggingarkostnaðar, gerðar, aldurs og ástands.
 - 9.1.1.3. Tryggðum er heimilt að óska eftir nýju brunabótamati á sumarhúsið hvenær sem er, enda fer matið fram á kostnað hans. Sé ágreiningur milli VÍS og tryggðs um fjárhæð brunabótamats getur VÍS einnig óskað endurmats. Það mat er á kostnað VÍS sé fyrra matið staðfest.
 - 9.1.1.4. Breyta skal tryggingarfjárhæðum árlega í samræmi við matsreglur brunabótamats á hverjum tíma. Jafnframt breytist tryggingarfjárhæð

² Sjá umfjöllun um brot á varúðarreglum í almenna skilmála VÍS YY10.

³ Sbr. 24. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

⁴ Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



- mánaðarlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.⁵
- 9.1.2 Um viðbótarbrunatryggingu (III. kafli) gildir eftirfarandi:
- 9.1.2.1. Tryggingarfjárhæð fer eftir samkomulagi tryggðs og VÍS. Tryggingarfjárhæð kemur til viðbótar brunabótamati samkvæmt lögboðinni brunatryggingu húseigna.
- 9.1.2.2. Tryggingarfjárhæð er ekki sönnun fyrir verðmæti sumarhúss og verða samanlagðar bætur úr lögboðinni brunatryggingu sumarhúss og viðbótarbrunatryggingu aldrei hærri en metinn viðgerðarkostnaður sbr. 21. gr.
- 9.1.2.3. Tryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar við endurnýjun.
- 9.1.3 Í innbústryggingu (IV. kafli) og orlofstækjatryggingu (V. kafli) breytist tryggingarfjárhæð samkvæmt vísitölu neysliverðs við endurnýjun.
- 9.1.4 Í húseigendatryggingu (VI. kafli) nemur tryggingarfjárhæð fyrir sumarhúsið sjálf brunabótamati hússins. Tryggingarfjárhæðir breytast í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar við endurnýjun.
- 9.1.4.1. Hafi tryggður viðbótabrunatryggingu í gildi hjá VÍS hækkar tryggingarfjárhæð samkvæmt gr. 9.1.4 um fjárhæðina sem tilgreind er í þeirri tryggingu.
- 9.1.5 Um ábyrgðartryggingu (VII. kafli) gildir eftirfarandi:
- 9.1.5.1. Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tjónsatburðar.
- 9.1.5.2. Kostnaður sem til er stofnað með samþykki VÍS til þess að skera úr um bótaskyldu hins tryggða og vextir af bótafjárhæð greiddast, enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr hámarksfjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 9.1.5.3. Sé hámarksfjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun lægri en höfuðstóll kröfu um skaðabætur greiddist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til tryggingarfjárhæðar þeirrar sem VÍS ber að greiða.
- 9.1.5.4. Í ábyrgðartryggingu breytist tryggingarfjárhæð í samræmi við vísitölu neysliverðs við endurnýjun.

10. Eigin áhætta

- 10.1 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs í innbústryggingu (IV. kafli) og orlofstækjatryggingu (V. kafli), samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í húseigendatryggingu (VI. kafli) og samkvæmt vísitölu neysliverðs í ábyrgðartryggingu (VII. kafli).
- 10.2 Þegar tilgreindar eru í % hámarksbætur af tryggingarfjárhæð er átt við bætur þegar búið er að draga eigin áhættu frá.

11. Ákvörðun bóta

- 11.1 Almenn ákvæði:
- 11.1.1 Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón hinna tryggðu. Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði.
- 11.1.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS. Það telst fullnaðarviðgerð þó að sjá megi að gert hafi verið við hlutinn.
- 11.1.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til afskrifta. Hafi verið greiddar bætur úr tryggingunni áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 11.1.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 11.1.5 Stolnir munir sem koma fram eftir að bætur hafa verið greiddar fyrir viðkomandi muni eru eign VÍS og skal þeim skilað til VÍS. Tryggður getur þó haldið muninum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bætunarnar.
- 11.1.6 Ákvæði 11.1.2 – 11.1.5 eiga ekki við um brunatryggingu (II. kafli) og viðbótarbrunatryggingu (III. kafli).
- 11.2 Vegna brunatryggingar (II. kafli) og viðbótarbrunatryggingar (III. kafli):
- 11.2.1 Tryggingarbótum skal varið til að gera við sumarhúsið sem skemmst hefur eða til að byggja það upp að nýju. Bætur falla eigi í gjalddaga fyrir en viðgerð eða endurbygging hefur farið fram. Nú hefur viðgerð farið fram að hluta og á þá tryggður rétt á greiðslu á viðgerðarkostnaði sem þegar er á fallinn.

⁵ Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 809/2000 um lögboðna brunatryggingu húseigna.



- 11.2.2 Þegar viðbótarbrunatrygging (III. kafli) er til staðar er við ákvörðun bóta horft til samanlagðrar tryggingarfjárhæðar lögboðinnar brunatryggingar sumarhússins, þ.e. brunabótamats eignarinnar, og tryggingarfjárhæðar viðbótarbrunatryggingar.
- 11.2.2.1 Þegar um altjón er að ræða getur fjárhæð bóta aldrei orðið hærri en metinn viðgerðarkostnaður sbr. 21. gr.
- 11.2.2.2 Þegar um tjón að hluta er að ræða er tjón reiknað sem hlutfall af metnum viðgerðarkostnaði sbr. 21. gr. Það hlutfall er síðan notað til þess að reikna fjárhæð bóta af heildartryggingarfjárhæð skv. 11.2.2.
- 11.2.3 Engar bætur verða greiddar fyrr en að lokinni opinberri rannsókn vegna tjónsatburðarins eða, hafi sakamál verið höfðað, að gengnum fullnaðardómi.
- 11.2.4 VÍS er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirlönd gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni. Frádrætti þessum skal þó ekki beitt ef endurbygging er ekki heimil af skipulagsástæðum eða öðrum ástæðum sem tjónþola er ekki sjálfrátt um. Hafi ákvörðun verið tekin um að veita framangreinda undanþágu frá byggingarskyldu og telji VÍS brunabótamat sumarhúss greinilega hærra en markaðsverð þess er VÍS heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð viðkomandi sumarhúss að lóð meðtalinni að frádregnum nefndum 15%.
- 11.3 Vegna innbústryggingar (IV. kafli) og orlofstækjatryggingar (V. kafli):
- 11.3.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. VÍS er heimilt að afskrifa verðmæti vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þess sem skemmdist. Afskriftir geta ekki orðið meiri en fram kemur í töflunni hér á eftir:

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir	Hámarksafskriftir
Snjalltæki ásamt fylgihlutum	6 mánaða fresti	25%	100%
Tölvubúnaður ásamt fylgihlutum	12 mánaða fresti	20%	100%
Önnur raftæki ásamt fylgihlutum	12 mánaða fresti	20%	70%
Annað	12 mánaða fresti	10%	70%

- 11.3.2 Hámark er á greiðsluskyldu VÍS í eftirfarandi tilvikum:
- Úr, skartgripir, málverk og önnur listaverk bætast með allt að 10% af tryggingarfjárhæð innbús, enda séu þessir munir í sumarhúsi tryggingartaka þegar tjónsatburður verður.
 - Sérgreint innbú, þ.e. peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn bætast með allt að 1% af tryggingarfjárhæð innbús hver liður, enda séu þessir munir í sumarhúsi tryggingartaka þegar tjónsatburður verður.
 - Verkfæri og varahlutir bætast með allt að 5% af tryggingarfjárhæð innbús, enda séu þessir munir í sumarhúsi tryggingartaka þegar tjónsatburður verður.
 - Matvæli bætast með allt að 4% af tryggingarfjárhæð innbús.
 - Fatnaður og lín sem skemmist vegna ofhitunar á þvotti bætist með allt að 5% af tryggingarfjárhæð innbús.
- 11.3.3 Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.
- 11.3.4 Óáþreifanleg verðmæti s.s. hugverk og minjagildi bætast ekki.
- 11.4 Vegna húseigendatryggingar (VI. kafli):
- 11.4.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi. VÍS er heimilt að afskrifa verðmæti vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þess sem skemmdist.
- 11.4.2 Þrátt fyrir ákvæði greinar 11.4.1 geta afskriftir af parketi ekki orðið meiri en 5% á ári eftir að parket er orðið 5 ára gamalt. Afskriftir geta aldrei orðið meiri en 70%. Komi til tjóns á gólfefnum eru aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður. Ekki þurfa að vera til staðar þröskuldar eða hurðir til að afmarka rými.
- 11.4.3 Skemmist sumarhús það mikið að ekki er unnt að gera við það eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum sem nema tryggingarfjárhæð að frádregnu því verðmæti sem eftir stendur í sumarhúsinu. Fjárhæð bóta getur þó aldrei orðið hærri en metinn viðgerðarkostnaður sbr. 21. gr.
- 11.4.4 Flutningskostnaður vegna tjóns á heitum potti er ekki greiddur.
- 11.5 Vegna ábyrgðartryggingar (VII. kafli):
- 11.5.1 Bætur fyrir líkamstjón þriðja aðila eru greiddar á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.
- 11.5.2 Bætur fyrir munatjón skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.



12. Eigendaskipti

- 12.1 Sé um eigendaskipti að ræða tekur brunatrygging (II. kafli) gildi á afhendingardegi sem tiltekinn er í kaupsamningi um sumarhús eða öðrum eignarheimildarskjölum. Séu liðnir meira en 14 dagar frá afhendingu sumarhúss við skráningu eigendaskiptanna í fasteignaskrá eða upplýsingar liggja ekki fyrir um afhendingardag skal brunatryggingin taka gildi á skráningardegi eigendaskiptanna í fasteignaskrá.⁶

II. Brunatrygging

13. Hvað er tryggt?

- 13.1 Tryggingin gildir fyrir það sumarhús sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun, á þeim stað sem þar er tiltekinn.
- 13.2 Tryggingin tekur jafnframt til venjubundins fylgifyrjar sumarhússins sem fellur undir brunabótamat þess í samræmi við matsreglur brunabótamats á hverjum tíma. Tryggingin tekur m.a. til eftirfarandi atriða, enda hafi verið tekið tillit til þeirra í brunabótamati eignarinnar:
- Fastra innréttinga, s.s. fastra stóla og bekkja.
 - Allra varanlegra lagna, s.s. vatns-, hita-, loftræsti-, skolp-, raf-, síma- og tölvulagna.
 - Venjubundins fylgifyrjar sumarhúsa, s.s. eldavéla, eimháfa, útvarps- og sjónvarpsloftneti (þó ekki gervihnattadiska), fasttengds búnaðar, s.s. eldvarnar- og innbrotavarnarbúnaðar, fasttengdra lampi í eldhúsum, þvottahúsum, baðherbergjum og snyrtingum og ljósa sem innfelld eru í loft eða klæðningar. Einnig tekur hún til gólfefna sem hafa verið tilnsiðin fyrir sumarhúsið og varanlega komið fyrir í því, ásamt gluggatjaldaköppum og festingum fyrir gluggatjöld.
 - Botnplatna og undirstaða ásamt fyllingu, einangrun og lögnum í grunni allt að 1,2 m niður fyrir efri brún botnplötu.
 - Skjólveggja og annarra mannvirkja, svo sem sólpalla, sem eru tengd við sumarhúsið og koma fram á samþykktum uppdráttum. Hafi mannvirki þessi verið reist síðar en sumarhúsið skal bygging þeirra hafa verið tilkynnt VÍS og endurmats óskað.⁷
 - Nauðsynlegs hönnunar- og efniskostnaðar, m.a. vegna aukinna krafna og fyrir mæla opinberra aðila eftir að sumarhúsið var reist, enda hafi húseigandi lagt í kostnað við slíkar aðgerðir fyrir tjónsatburð.
 - Kostnaðar við að hreinsa sumarhúsið og ryðja burt brunarústum.
- 13.3 Tryggingin tekur einnig til fasttengdra hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla þó þær séu ekki hluti af brunabótamati sumarhúss.

14. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?
14.1 Eldsvoði, elding og sprenging.	a) Tjón vegna eldsvoða. b) Tjón vegna eldingar. c) Tjón vegna sprengingar í gufukatli til upphitunar sumarhúss og tjón vegna gassprengingar vegna eldunar- og suðutækja og gaslagna til upphitunar sumarhúss.	d) Tjón vegna elds sem ekki verður talinn eldsvoði, s.s. tjón á munum sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, þurrkun, reykingu eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast. e) Tjón á rafmagnsvélum, lögnum eða tækjum þegar tjón orsakast af spennubreytingu, ofhitnun, skammhlaupi eða öðru hreinu rafmagnsfyrirbrigði, og spáni frá rafmögnum öveðri, nema af því leiði eldsvoða eða sé afleiðing eldsvoða. f) Tjón á vél eða katli sem sprengingin verður í.
14.2 Sótfall.	a) Tjón vegna sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki, eldstæði eða blásara.	b) Tjón vegna sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun, s.s. sótt frá reykháfi eða kertum.
14.3 Loftför.	a) Tjón vegna loftfara og hluta sem frá þeim falla.	
14.4 Slökkvi- og björgunaraðgerðir.	a) Tjón vegna slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfununum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir trygginguna og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætianlegar.	b) Óbeint tjón sem kann að leiða af bótaskyldum tjónsatburðum, s.s. rekstrartap, töf á framleiðslu eða afhendingu vöru, missi húsaleigutekna o.þ.h. c) Kostnað vegna hreinsunar úrgangs- eða eiturefna í umhverfi eða jarðvegi vegna bótaskylds tjónsatburðar.

15. Verð

- 15.1 Verð tryggingarinnar er m.a. reiknað út frá brunabótamati sumarhúss, notkun þess og staðsetningu.
- 15.2 Verð tryggingar hvílir sem lögveð á sumarhúsinu og gengur í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á því hvíla nema sköttum til ríkissjóðs. Sé verð tryggingar ekki greitt innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að selja sumarhúsið á uppboði.⁸

16. Mat tjóns

- 16.1 Matmenn á vegum VÍS meta tjón og ber VÍS að hlutast til um að mat fari fram svo fljótt

⁶ Samkvæmt 2. gr. reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna nr. 809/2000.

⁷ Samkvæmt 8. gr. reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna nr. 809/2000.

⁸ Sbr. 7. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994.



sem verða má. Skulu helstu liðir matsins sundurliðaðir.

- 16.2 Tjónþola er skylt að veita þær upplýsingar sem hann getur um tjón og orsök þess og að leggja fram bækur, reikninga, áætlanir, upprætti og annað sem verið getur til leiðbeiningar við matið.
- 16.3 Ef gerðar hafa verið breytingar eða viðbætur sem auka verðmæti hinnar tryggðu eignar eftir að hún hefur verið tryggð hjá VÍS og þessa verðmætisauka hefur ekki verið mætt með aukinni tryggingu skal þessu nýja verðmæti haldið utan við ákvörðun brunabótanna.
- 16.4 Eyðileggist sumarhús algerlega skulu matsmenn kanna hvort tryggingarfjárhæðin sé í samræmi við raunverulegt verðmæti sumarhúss á tjónsdegi. Meta skal viðgerðarkostnað á hinu tryggða og ber þá að miða við þær byggingaraðferðir og byggingarefni sem tíðkast er tjónsatburðurinn varð. Bætur skulu reiknaðar á verðlagi eins og það var á tjónsdegi.
- 16.5 Við ákvörðun bóta skal ekki reikna með aukakostnaði vegna byggingarefnis og byggingaraðferða sem eigi teljast lengur hagkvæmar.
- 16.6 Hafi verið ákveðið að rífa sumarhús eða ástand þess var með þeim hætti að niðurrif var óhjákvæmilegt áður en tjónsatburðurinn varð skal miða bótafjárhæð við verðmæti sumarhúss til niðurrifs.
- 16.7 Tryggðum er óheimilt að raska vettvangi fyrr en matsmenn VÍS hafa metið tjónið.

17. Ágreiningur um fjárhæð brunabótamats og bótafjárhæð

- 17.1 Rísi ágreiningur milli VÍS og tryggðs um fjárhæð brunabótamats fer um endurmat samkvæmt gr. 16.3. Vilji VÍS eða tryggður ekki una niðurstöðu endurmats fasteignaskrár er heimilt að vísa ágreiningi þar um til yfirfasteignamatnefndar. Fyrir kostnað við úrskurð nefndarinnar skal greiða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra váttryggingarmála setur. Kostnað við úrskurð ber sá sem gerð gengur á móti.
- 17.2 Hafi tjón orðið og ágreiningur er um bótafjárhæð má skjóta málinu til gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður tveimur mönnum er héraðsdómur í umdæmi því sem sumarhús er í tilnefni hverju sinni. Greiða skal kostnað vegna gerðardóms samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra váttryggingarmála setur. Kostnaðinn ber að jafnaði sá sem gerð gengur á móti.

III. Viðbótarbrunatrygging

18. Hvað er tryggt?

- 18.1 Tryggingin gildir fyrir það sumarhús sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun, á þeim stað sem þar er tiltekinn.
- 18.2 Tryggingin tekur jafnframt til venjubundins fylgifyrjar sumarhúss sem fellur undir brunabótamat þess í samræmi við matsreglur brunabótamats á hverjum tíma. Tryggingin tekur m.a. til eftirfarandi atriða, enda hafi verið tekið tillit til þeirra í brunabótamati sumarhússins:
 - a) Fastra innréttinga, s.s. fastra stóla og bekkja.
 - b) Allra varanlegra lagna, s.s. vatns-, hita-, loftræsti-, skolp-, raf-, síma- og tölvulagna.
 - c) Venjubundins fylgifyrjar íbúða, s.s. eldavéla, eimháfa, útvarps- og sjónvarpsloftneta (þó ekki gervihnattadiska), fasttengds búnaðar, s.s. eldvarnar- og innbrotavarnarbúnaðar, fasttengdra lampa í eldhúsum, þvottahúsum, baðherbergjum og snyrtingum og ljósa sem innfelld eru í loft eða klæðningar. Einnig tekur hún til gólfefna sem hafa verið tilsníðin fyrir sumarhúsið og varanlega komið fyrir í því, ásamt gluggatjaldaköppum og festingum fyrir gluggatjöld.
 - d) Botnplatna og undirstaða ásamt fyllingu, einangrun og lögnum í grunni allt að 1,2 m niður fyrir efri brún botnplötu.
 - e) Skjólveggja og annarra mannvirkja, svo sem sólpalla, sem eru tengd við hús og koma fram á samþykktum uppráttum.
 - f) Nauðsynlegs hönnunar- og efniskostnaðar, m.a. vegna aukinna krafna og fyrir mæla opinberra aðila eftir að hús var reist, enda hafi húseigandi lagt í kostnað við slíkar aðgerðir fyrir tjónsatburð.
 - g) Kostnaðar við að hreinsa sumarhúsið og ryðja burt brunarústum.
- 18.3 Tryggingin tekur einnig til fasttengdra hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla þó þær séu ekki hluti af brunabótamati sumarhúss.



19. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?
19.1 Eldsvoði, elding og sprenging.	a) Tjón vegna eldsvoða. b) Tjón vegna eldingar. c) Tjón vegna sprengingar í gufukatli til upphitunar sumarhúss og tjón vegna gassprengingar vegna eldunar- og suðutækja og gaslagna til upphitunar sumarhússins.	d) Tjón vegna elds sem ekki verður talinn eldsvoði, s.s. tjón á munum sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, þurrkun, reykingu eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast. e) Tjón á rafmagnsvélum, lögnum eða tækjum þegar tjón orsakast af spennubreytingu, ofhitnun, skammhlaupi eða öðru hreinu rafmagnsfyrirbrigði, og spani frá rafmagnuðu óveðri, nema af því leiði eldsvoða eða sé afleiðing eldsvoða. f) Tjón á vél eða katli sem sprengingin verður í.
19.2 Sótfall.	a) Tjón vegna sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditækki, eldstæði eða blásara.	b) Tjón vegna sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun, s.s. söt frá reykháfi eða kertum.
19.3 Loftför.	a) Tjón vegna loftfara og hluta sem frá þeim falla.	
19.4 Slökkvi- og björgunaraðgerðir.	a) Tjón vegna slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfununum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir trygginguna og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætanagerlegar.	b) Óbeint tjón sem kann að leiða af bótaskyldum tjónsatburðum, s.s. rekstrartap, tóf á framleiðslu eða afhendingu vöru, missi húsaleigutekna o.þ.h. c) Kostnað vegna hreinsunar úrgangs- eða eiturefna í umhverfi eða jarðvegi vegna bótaskylds tjónsatburðar.

20. Verð

20.1 Verð tryggingar er m.a. reiknað út frá tryggingarfjárhæð, notkun sumarhúss og staðsetningu.

21. Mat tjóns

21.1 Um mat tjóns í viðbótarbrunatryggingu fer eftir grein 16.1.

21.2 Viðbótarbrunatrygging nær til aukakostnaðar vegna byggingarefnis og byggingaraðferða sem ekki teljast lengur hagkvæmar ef um það hefur verið samið og tilgreint er á skírteini.

IV. Innbú

22. Hvað er tryggt?

22.1 Tryggingin tekur til innbús í sumarhúsi sem er í eigu tryggðu og telst ekki vera hluti af sumarhúsi eða fylgifé þess. Hér undir fellur:

- Almennt innbú og persónulegir munir sem að staðaldri tilheyra sumarhúsum, s.s. húsgögn, heimilistækki, skrautmunir, leirtau, bækur, fatnaður og sængurföt.
- Sérgreint innbú, þ.e. peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn.

23. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?
23.1 Eldsvoði, elding og sprenging.	a) Tjón vegna eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus. b) Tjón vegna eldingar. c) Tjón vegna sprengingar.	d) Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.
23.2 Sótfall.	a) Tjón vegna sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditækki eða eldstæði.	b) Tjón vegna sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.
23.3 Viðbótarkostnaður vegna innbústjóns.	a) Tjón vegna slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfununum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir trygginguna og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætanagerlegar. b) Nauðsynlegan flutning eða geymslu á innbúi í sambandi við innbústjón sem bótaskyld er úr tryggingunni. c) Muni sem skemmast við ofangreindar aðgerðir.	
23.4 Vatn, gufa og olía.	a) Tjón vegna vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum sumarhússins og á upptök innan veggja þess. b) Tjón vegna vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr vatnsrúmmum vegna bilana. c) Tjón vegna vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilana á tækjunum. d) Tjón vegna leka frá frystikistum og kælskápum, þó ekki á tækjunum sjálfum ef þau eru eldri en 5 ára. e) Tjón vegna utanaðkomandi yfirborðsvatns sem flæðir inn um glugga- og hurðaoop á tryggingarstað vegna skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku) og vatnsmagn verður svo mikið að frárennsleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið í nágrenni tryggingarstaðar vegna sama tjónsatburðar.	f) Tjón vegna utanaðkomandi vatns, annað en greinir í e lið þessarar greinar, svo sem: i. Vegna grunnvatns eða flóða frá sjó, stöðuvatni, ám eða lækjum. ii. Vegna vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennsleiðslum þeirra. iii. Vegna úrkomu sem berst inn um þak eða vegg, nema af völdum bótaskylds foktjóns. g) Tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennsleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.



Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?
23.5 Þjófnaður.	a) Tjón vegna þjófnaðar úr sumarhúsi.	
23.6 Rán.	a) Tjón vegna ráns þegar hinir tryggðu munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað. ⁹	
23.7 Skemmdarverk.	a) Tjón vegna skemmdarverka sem unnin eru af ásetningi.	b) Tjón vegna skemmdarverka tryggðu sjálfra eða einhers sem heimild hefur til veru í sumarhúsi tryggðs. c) Tjón vegna skemmdarverka á munum sem voru utan dyra annars staðar en við sumarhús tryggðs um stundarsakir.
23.8 Brot eða hrun.	a) Tjón sem verður á innbúi í sumarhúsi tryggingartaka vegna þess að munir úr innbúinu detta skyndilega og óvænt niður og brotna. Með munum úr innbúinu er átt við hluti sem festir eru við vegg eða loft, svo sem veggskápa, hillur, málverk, myndir, loft og vegggljós, svo og muni sem voru í eða á þeim munum sem hrundu.	b) Tjón á verkfærum, snjalltækjum, gleraugum, gervitönnum, heyrnartækjum, úrum og öðrum persónulegum munum sem verður vegna brots eða hruns. c) Tjón vegna vökva sem hellist niður við brot eða hrun. d) Tjón vegna brots eða hruns af manna völdum.
23.9 Umferðaróhapp.	a) Tjón á innbúi sem er staðsett í bifreið sem lendir í umferðaróhappi.	
23.10 Skammhlaup.	a) Tjón vegna skemmda á rafmagnstækjum sem rekja má til skammhlaups í þeim.	b) Tjón á tækjum sem eru eldri en 10 ára. c) Tjón sem ábyrgð seljanda viðkomandi tækja nær til. d) Tjón sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.
23.11 Skyndilegur snjópungur.	a) Tjón á innbúi sem er afleiðing af skyndilegum snjópungum sem sligað hefur þak eða vegg í sumarhúsi.	b) Tjón sem rekja má til byggingargalla. c) Tjón sem rekja má til ófullnægjandi viðhalds.
23.12 Óveður.	a) Tjón vegna óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Til óveðurstjóna á innbúi teljast eingöngu þau tjón sem verða þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsafbúðirinn átti sér stað.	b) Tjón á munum utanhúss.
23.13 Loftför.	a) Tjón vegna loftfara og hluta sem frá þeim falla.	
23.14 Ofhitnun á þvotti.	a) Tjón á þvotti sem ofhitnar í þvottavél eða þurrkara ef tjónið stafar af bilun í þvottavélinni eða þurrkaranum. Til staðfestingar á því að um bilun hafi verið að ræða skal tryggður leggja fram reikning fyrir viðgerð ásamt bilanalýsingu viðgerðarmanns.	b) Tjón á þvottavélinni eða þurrkaranum.
23.15 Ófyrirséð stöðvun á kælikerfi frystikistu eða ísskáps.	a) Tjón á matvælum vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi frystikistu eða kælikskáps. b) Tjón á frystikistunni eða kælikskápnunum sjálfum vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi tækisins ef það er yngri en 5 ára og ábyrgð seljanda nær ekki til tjónsins.	

V. Orlofstæki

24. Hvað er tryggt?

24.1 Tryggingin tekur til orlofstækja sem eru í eigu tryggðu og að staðaldri eru staðsett í sumarhúsinu. Með orlofstækjum er átt við:

24.1.1 Sæpotu, kajak, seglbretti, kanó, arabát með eða án utanborðsmótors, slöngubát og aðra sambærilega báta undir 5 metrum á lengd.

24.1.2 Slátturvélatraktor og snjóblásara.

24.1.3 Golfbíl.

24.2 Þrátt fyrir 4. gr. gildir tryggingin vegna orlofstækja sem tryggð eru samkvæmt grein 24.1.1 séu þau staðsett í bátaskýlum sem tilheyra sumarhúsinu.

25. Hvað er bætt?

25.1 Tryggingin bætir tjón vegna bruna, vatns, þjófnaðar, snjópungu og óveðurs á sama hátt og kemur fram í greinum 23.1, 23.4, 23.5, 23.11 og 23.12.

VI. Húseigendatrygging

26. Hvað er tryggt?

26.1 Tryggingin tekur til sumarhúss þess sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun og venjubundins fylgifyrjar þess, enda hafi verið tekið tillit til þeirra í brunabótamati skv. matsreglum brunabótamats á hverjum tíma.

26.2 Hafi tryggingartaki valið að tryggja einhverja af eftirtöldum munum sérstaklega og það er tilgreint á skírteini eða endurnýjunarkvittun tekur tryggingin einnig til þeirra:

Húseigendatrygging tekur til þess sem er hluti af brunabótamati. Ef t.d. sólpallur, frístandandi hús eða heitur pottur er ekki hluti af brunabótamati er hægt að tryggja þessa muni sérstaklega.

⁹Sbr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.



- 26.2.1 Sólpallar, skjólveggir, girðingar og hlið á sumarhúsalóðinni.
26.2.2 Frístandandi hús á sumarhúsalóðinni eða viðbyggingar áfastar sumarhúsi.
26.2.3 Heitur pottar sem staðsettir eru á landi tryggðs sumarhúss.

27. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?	Sumarhús, sbr. 26.1	Sólpallur o.fl., sbr. 26.2.1	Frístandandi hús, sbr. 26.2.2	Heitur pottur, sbr. 26.2.3
27.1 Eldsvoði, elding og sprenging.	a) Tjón vegna eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus. b) Tjón vegna eldingar. c) Tjón vegna sprengingar í gufukatli til upphitunar húsa og tjón vegna gassprengingar vegna eldunar- og suðutækja og gaslagna til upphitunar húsa.	d) Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.	Ekki bætt, sjá II. kafla	✓	✓	✓
27.2 Vatn, gufa og olía.	a) Tjón vegna vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum sumarhússins og á upptök innan veggja þess. Tryggingin greiðir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að sumarhúsið sé í sama og eigi verra ástandi en það var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki. b) Tjón vegna vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr vatnsrúnum vegna bilana. c) Tjón vegna vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjunum. d) Tjón vegna vatns sem lekur óvænt og skyndilega frá frystikistum og kælskápum. e) Tjón vegna utanaðkomandi yfirborðsvatns sem flæðir inn um glugga- og hurðar á tryggingarstað vegna skyndilegrar úrhellisrigingar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku) og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hlíðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið í nágrenni tryggingarstaðar vegna sama tjónsatburðar.	f) Tjón vegna utanaðkomandi vatns, annað en greinir í e lið þessarar greinar, svo sem: i. Vegna grunnvatns eða flóða frá sjó, stöðuvatni, ám eða lækjum. ii. Vegna vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra. iii. Vegna úrkomu sem berst inn um þak eða vegg, nema af völdum bótaskylds fochtjóns. g) Tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum, eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss. h) Tjón á þeim hlut eða hlutum er tjóninu ollu, svo sem sjálf rörin eða vinnu við lagfæringu eða endurlögn þeirra. i) Tjón vegna grunnlagna sem eru missignar, morknar eða hafa á annan hátt hrórnað af notkun eða ónögri undirbyggingu. Þó bættist beint vatnstjón sem verður á sumarhúsinu ef slík lögn stíflast og flæðir frá henni upp fyrir botnplötu. j) Tjón vegna lagna utan veggja sumarhúss, s.s. heimtaugar, lagnir að heitum pottum og snjóbræðslukerfi. k) Tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu eða sveppagróðurs, þrátt fyrir að það teljist vera afleiðing bótaskylds tjónsatburðar. l) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi.	✓	✓	✓	Ekki bætt
27.3 Frostsprungur.	a) Tjón vegna frostsprungna á innanhúss vatnsleiðslukerfi tryggðs húss, sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega. Hér undir falla snjóbræðslukerfi sem eru innan veggja hússins. Snjóbræðslukerfið verður að vera lokað og með frostlegi á. b) Tjón vegna frostsprungna á lagnagrind tryggðs húss þó að hún sé staðsett utan þess sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega. c) Tjón vegna frostsprungna á lögnum frá lagnagrind í tryggt hús sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega. d) Tjón á lagnakerfi pottsins sem verður við það að lagnir frostsprungna.	e) Tjón á snjóbræðslukerfum sem eru utan veggja sumarhúss og ekki í brunabótamati. f) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi. g) Tjón sem rekja má til bilunar hjá vatns- og rafmagnsveitu.	✓	Ekki bætt	✓	✓
27.4 Innbrot eða innbrotstíraun.	a) Tjón vegna innbrots eða innbrotstíraunar.	b) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi.	✓	✓	✓	Ekki bætt
27.5 Gler.	a) Tjón á gleri og vegna brots á gleri, eingöngu þegar það brotnar eftir að það er í sett eða því er á annan hátt endanlega komið fyrir á þeim stað sem því var ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað.	b) Tjón á gleri vegna byggingarframkvæmda eða viðgerða utanhúss á því húsi sem hið tryggða gler er í, nema um sé að ræða venjulegt viðhald svo sem málun. c) Tjón vegna viðhalds eða aðgerða sem eru framkvæmdar á glerinu, ramma þess eða umhverfi. d) Tjón sem verður á gleri þegar það rispast eða úr því flísast. e) Tjón á gleri í heimilistækjum. f) Tjón á gleri í skjólveggjum og girðingum. g) Aukið verðgildi glers s.s skreytingar og filmur eða þegar þurft hefur að blýbræða eða blýleggja það í samsetningu eða á annan sambærilegan hátt. Í þessum tilvikum er glerið bætt eins og um venjulegt slétt gler væri að ræða. h) Tjón vegna móðu á milli glerja.	✓	Ekki bætt	Ekki bætt	Ekki bætt
27.6 Brot.	a) Tjón vegna brots, þegar innréttingar, loftklæðingar eða aðrir hlutar sumarhússins falla og brotna vegna tilfallandi bilunar. b) Tjón vegna brots á keramikhelluborði og hreinlætistækjum s.s. vöskum, baðkorum, salernisskálum og vatnsskóssum, eingöngu þegar þau brotna vegna óvæntra og skyndilegra utanaðkomandi atburða eftir að þeim hefur verið komið endanlega fyrir á þeim stað sem þeim var ætlað að vera á og svo lengi sem þau eru á sama stað. Eingöngu er bætt verðmæti keramikhelluborðsins eða hreinlætistækjanna sjálfra.	c) Tjón á hreinlætistækji og keramikhelluborði vegna viðhalds eða aðgerða sem framkvæmdar eru á tækjunum. d) Tjón á hreinlætistækji og keramikhelluborði vegna þess að tækjið rispast eða úr því flísast. e) Skemmdir sem ábyrgð seljanda eða uppsetningaraðila nær til. f) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi. g) Kostnað við aftengingu, uppbrot eða uppsetningu. h) Fylgihluti sem unnt er að nota aftur. i) Tjón sem rekja má til ófullnægjandi viðhalds.	✓	Ekki bætt	Ekki bætt	Ekki bætt
27.7 Sótfall.	a) Tjón vegna sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndum kynditækjum eða eldstæðum.	b) Tjón vegna sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun. c) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi.	✓	✓	✓	Ekki bætt



Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?	Sumarhús, sbr. 26.1	Sólpallur o.fl., sbr. 26.2.1	Frístandandi hús, sbr. 26.2.2	Heitur pottur, sbr. 26.2.3
27.8 Skyndilegur snjópungi.	a) Tjón vegna skyndilegs snjópunga sem sligað hefur þak eða veggj húseignar.	b) Tjón sem rekja má til byggingargalla. c) Tjón sem eingöngu varða þakrennur og þakkanta. d) Tjón sem rekja má til ófullnægjandi viðhalds. e) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi.	✓	Ekki bætt	Ekki bætt	Ekki bætt
27.9 Óveður.	a) Tjón vegna óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Tjón á hinu tryggða vegna úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta sumarhússins. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu tryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.	b) Tjón á loftnetum, fánastöngum, girðingum og gróðri. Þó eru bættar girðingar sem eru sérstaklega tryggðar skv. gr. 26.2.1. c) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi. d) Tjón sem rekja má til ófullnægjandi viðhalds.	✓	✓	✓	✓
27.10 Loftför.	a) Tjón vegna loftfara og hluta sem frá þeim falla.		✓	✓	✓	✓
27.11 Þjófnaður á heitum potti.	a) Tjón vegna þjófnaðar. b) Skemmdir á hinu tryggða sem valdið er í kjölfar þjófnaðar.		✓	Ekki bætt	Ekki bætt	✓

VII. Ábyrgðartrygging

28. Hvað bætir tryggingin?

- 28.1 Tryggingin bætir beint líkams- eða munatjón þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs sem fellur á hann sem eiganda sumarhúss sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun vegna skaðabótaábyrgðar samkvæmt íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Tryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar.
- 28.2 Það er skilyrði skaðabótaábyrgðar samkvæmt ákvæði þessu að líkamstjón eða skemmdir á munum verði raktar til skyndilegs og óvænts atburðar.

29. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 29.1 Tryggingin bætir ekki:
- 29.1.1 Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
 - 29.1.2 Tjón sem hinir tryggðu valda hverjir öðrum.
 - 29.1.3 Tjón sem verður vegna atvinnu tryggðs, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða arðbæra vinnu í þjónustu annarra.
 - 29.1.4 Tjón á munum sem tryggður hefur til afnota, til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu, þar á meðal munum sem tryggður hefur undir höndum heimildarlaust.
 - 29.1.5 Tjón á munum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
 - 29.1.6 Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
 - 29.1.7 Tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. VÍS bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins skyndilegs og óvænts atburðar.
 - 29.1.8 Tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka.
 - 29.1.9 Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
 - 29.1.10 Tjón sem rekja má til PFAS (*e. per- and polyfluorinated alkyl substances*) efna og efnasambanda, hvort sem unnið er með slík efni eða vöru sem innihalda þau.
 - 29.1.11 Tjón sem rekja má til myglu eða sveppagróðurs.

30. Staða tjónþola við tjón

- 30.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 30.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.

Samkvæmt íslenskum lögum bera einstaklingar skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með sagnæmum og ólögnum hætti. Þessi regla er nefnd **sakarregla** og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir tryggða ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar, sem og að greiða kostnað sem tryggði verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Tryggingin nær ekki til tjóns sem tryggður veldur sjálfum sér eða öðrum tryggðum. Með hugtakinu „**þriðji aðili**“ er hér átt við aðila sem er ekki tryggður undir þessari tryggingu.



- 30.3 Nú tilkynnir tjónþoli að hann hyggist höfða mál á hendur VÍS og getur VÍS þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 30.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

31. Meðferð bótakrafna

- 31.1 Tryggðar ber að leita samráðs við VÍS um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á.
- 31.2 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS. Viðurkenning tryggða á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki VÍS.
- 31.3 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavinum en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.